

## Fundargerð Skautapings ÍSS 2018

<b>Fundarstjóri</b>	Sigríður Jónsdóttir, Varaforseti ÍSÍ
<b>Fundarritari</b>	Svava Hróðný Jónsdóttir
<b>Staðsetning</b>	Íþróttamiðstöð ÍSÍ Engjavegi 6, 104 Reykjavík
<b>Dagsetning</b>	14.04.2018
<b>Fundartími</b>	11:00 – 14:30

<b>Mál nr.</b>	<b>Dagskrá:</b> Umræða, ákvarðanir, niðurstaða
<b>1</b>	<b>Þingsetning</b>
<b>2</b>	<p><b>Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar</b>          Formaður ÍSS, Guðbjört Erlendsdóttir, stinger upp á Elínu Gautadóttur, SR, Stefáni Hjaltalín, SB og Ingibjörtu Magnúsdóttur, SA</p> <p><b>Samþykkt</b></p> <p>Ingibjörg Magnúsdóttir fulltrúi kjörnefndar fór yfir kjörbréf          Kjörbréf Skautafélags Reykjavíkur, SR          Elín Gautadóttir kt.290860-5399          Sigríður M. Guðjohnsen kt.190665-3809          Elísabet J. Hjálmarsdóttir kt.200282-7289          Anna Gígja Kristjánsdóttir kt.240483-4839          Stefán Björnsson kt.120979-4699          Nadia M. Jamchi kt.220694-3059          Kristín V. Örnólfsdóttir kt.260798-3249</p> <p>Kjörbréf Skautafélagsins Bjarnarins, SB          Guðrún Björg Elíasdóttir kt.011074-5969          Jórunn Harðardóttir kt.051268-3509          Oksana Salabai kt.030874-2429          Rakel Hákonardóttir kt.190778-5179          Stefán Hjaltalín kt.010560-2339          Þóra Gunnarsdóttir kt.290566-5419</p> <p>Kjörbréf Skautafélags Akureyrar, SA          Þóra Sigríður Torfadóttir kt.050883-4309          Ólöf Sólveig Björnsdóttir kt.140580-2959          Margrét Rún Karlsdóttir kt.240677-4989          Ingibjörg Magnúsdóttir kt.170771-5089</p> <p>Kjörbréf Íþróttafélagsins Ösp – listskautadeild          Helga Kristín Olsen kt. 060878-5709          Sigrún Björgvinsdóttir kt.030491-3789</p> <p>Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf séu samþykkt  <b>Kjörbréf samþykkt</b></p>

<b>3</b>	<p><b>Kosning þingforseta</b> Formaður ÍSS stingur upp á Sigríði Jónsdóttur varaforseta ÍSÍ sem þingforseta <b>Samþykkt</b></p>
<b>4</b>	<p><b>Kosning þingritara</b> Þingforseti stingur upp á Svövu Hróðný Jónsdóttur <b>Samþykkt</b></p>
<b>5</b>	<p><b>Skýrsla stjórnar lögð fram</b> Formaður ÍSS lagði fram skýrslu stjórnar</p>
<b>6</b>	<p><b>Endurskoðaðir reikningar ÍSS lagðir fram</b> Friðjón Guðjohnsen gjaldkeri ÍSS lagði fram endurskoðaða reikninga</p>
<b>7</b>	<p><b>Umræður og samþykkt reikninga og skýrslu stjórnar</b> Stefán: vildi hrósa stjórn fyrir fyrirlestur sem var haldin af dómara fyrir skautara, foreldra og þjálfara. Gott að fá innsýn í hvernig kerfið virkar. Ábending varðandi reikninga. Lög hafa ekki rétta meiningu varðandi ársuppgjör/ársreikninga. Vel tekið í þessa ábendingu.</p> <p>Elín Gautadóttir: Fyrirspurn/tillaga um að nöfn á nefndarmeðlimum væri aðgengileg á vefsíðunni. Hlutur sem þarf að lagfæra.</p> <p>Ingibjörg Magnísdóttir: Fyrirspurn varðandi nýjar Siðareglur. Hver á að sjá um að kynna nýjar siðareglur. Stjórn vill efla fræðslu innan sambandsins. Kemur fram í nýrri lagabreytingu frá stjórn að sameina þjálfara- og fræðslunefnd þar sem verkefni af þessum toga eiga heima.</p> <p><b>Reikningar samþykktir samhljóða</b></p>
<b>8</b>	<p><b>Ávarp gesta</b> Helga Kristín Olsen flutti ávarp og kveðju frá Íþróttasambandi Fatlaðra ásamt Special Olympics á Íslandi. Einnig kynnti hún starfið hjá Íþróttafélaginu Ösp. Sigríður Jónsdóttir, Varaforseti ÍSÍ, flutti ávarp og kveðju frá ÍSÍ</p>
<b>9</b>	<p><b>Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram</b> Friðjón Guðjohnsen, gjaldkeri ÍSS, lagði fram fjárhagsáætlun 2018. Vísað til fjárhagsnefndar.</p>
<b>10</b>	<p><b>Kosning þingnefnda</b> Þingforseti stingur upp á í fjárhagsnefnd Friðjón Guðjohnsen sem formanni. Aðrir nefndarmeðlimir Guðbjört Erlendsdóttir og Elín Gautadóttir. Og í Laganefnd Svava Hróðný Jónsdóttir sem formaður. Aðrir nefndarmeðlimir Jóna Jónsdóttir og Heba Finnsdóttir. <b>Samþykkt</b></p>
<b>11</b>	<p><b>Lagabreytingatillögur</b></p>

	Guðbjört Erlendsdóttir, formaður ÍSS, kynnti lagabreytingatillögur stjórnar ÍSS. Vísað til Laganefndar.
12-13	<b>Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði</b> <b>Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir.</b> Engar
14	<b>Nefndir starfa</b>
15	<b>Nefndir gera grein fyrir störfum sínum</b> Friðjón Guðjohnsen gerði grein fyrir störfum fjárhagsnefndar Svava Hróðný Jónsdóttir gerði grein fyrir störfum laganefndar
16	<p><b>Umræður um töllögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær Fjárhagsnefnd:</b> Fjárhagsáætlun er lögð fram óbreytt. <b>Samþykkt einróma</b></p> <p><b>Laganefnd:</b></p> <p style="text-align: center;"><b>I. Kafli Gildissvið o.fl</b></p> <p style="text-align: center;"><b>1. grein</b></p> <p style="text-align: center;"><b>Skautasamband Íslands (ÍSS) Nafn:</b></p> <p>Sambandið heitir: Skautasamband Íslands, skammstafað ÍSS. Skautasamband Íslands (ÍSS) er æðsti aðili um öll skautamál er varðar <b>listskauta</b> og/eða skautahlaup innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, skammstafað ÍSí. ÍSS er aðili að Alþjóðaskautasambandinu (<b>International Skating Union, ISU</b>). ÍSS er jafnframt fulltrúi fyrir ISU hér á landi.</p> <p>Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.</p> <p><b>Samþykkt</b></p> <p style="text-align: center;"><b>2. grein</b></p> <p style="text-align: center;"><b>Aðild að ÍSS Sambandsaðilar</b></p> <p>ÍSS er samband íþróttafélaga, íþróttabandalaga eða héraðssambanda eða sérráða. Öll þau íþróttafélög íþróttabandalög eða héraðssambönd innan ÍSí sem hafa innan sinna vébanda deildir félög er iðka, æfa og keppa í skautaiþróttum sbr. 1. gr (listhlaupi og skautahlaupi) geta orðið aðilar að ÍSS.</p> <p><b>Samþykkt</b></p> <p style="text-align: center;"><b>3. grein</b></p> <p style="text-align: center;"><b>Tilgangur og markmið ÍSS Starf ÍSS er í meginatriðum</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Að hafa yfirstjórn allra íslenskra skautamála á Íslandi sbr. 1. grein.</li> <li>2. Að vinna að eflingu skautaiþróttar í landinu.</li> </ol>

3. Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa mótum, **skrá afrek** og staðfesta met.
4. Að koma fram héraðs og erlendis fyrir hönd skautaiþróttarinnar á Íslandi.
5. Að sjá um að reglur ÍSS séu í samræmi við alþjóðareglur ISU.
6. Að vera í forsvari fyrir skautaiþróttina innan vébanda ÍSÍ.
7. Að halda námskeið fyrir þjálfara, dómara- og tæknifólk.

#### Samþykkt

### 4. grein Stjórnun ÍSS

Málefnum ÍSS stjórna:

1. Skautaþing.
2. Stjórn ÍSS.

Stjórn ÍSS getur falið nefndum undirbúning og úrlausn ákveðinna verkefna eftir atvikum hverju sinni.

#### Samþykkt

~~5. grein~~ — (færð í heild sinni aftar í lögin og sett sem 11. grein)

**Reiknisskil og prókúra**

Reikningsár er almanaksárið.

Sambandið rita tveir stjórnarmenn, formaður og gjaldkeri, en gjaldkeri hefur einn prókúru.

## II. Kafli Skautaþing

### 5. grein Valdsvið og fulltrúar

Skautaþingið fer með æðsta vald í málefnum ÍSS.

Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttafélögum ~~íþróttabandalögum og héraðssamböndum~~ sem mynda ÍSS. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu virkra iðkenda skautaiþróttarinnar, **sbr. 2. grein**. Virkir iðkendur teljast þeir sem greidd voru iðkendagjöld fyrir á almanaksárinu fyrir þing. ~~Þann 1. desember síðasta almanaksár fyrir þing~~. Hver iðkandi telst aðeins einu sinni á almanaksárinu samkvæmt nafnalistum:

1. Fyrir fyrstu 50 iðkendur koma 2 fulltrúar.
2. Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða 1 fyrir hverja næstu 50 eða brot úr 50.

Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur innan sinna vébanda deildir eða félög er iðka, æfa og keppa í skautaiþróttum sbr. 1. gr, skal þó eiga rétt á a.m.k. einum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á sérsambandsþing til viðbótar við fulltrúa félaga innan viðkomandi héraðssambands/-íþróttabandalags.

Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.

Á skautaþingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Hver fulltrúi með atkvæðisrétt hefur eitt atkvæði.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

1. Stjórn ÍSS, varastjórn og **skoðunarmenn ársuppgjörs**.
2. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
3. Fastráðnir starfsmenn ÍSS og ÍSÍ.
4. Nefndarmenn ÍSS
5. Forseti ÍSÍ
6. ~~Heiðursfélaga ÍSS~~

Ef ástæða þykir getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum þingsetu.

## Samþykkt

### 6. grein Skautaping

Skautaping fer með æðsta val í málefnum ÍSS. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum og héraðssamböndum sem mynda ÍSS. (sett í 5. grein)

Þingið skal haldið á hverju ári í apríl eða maí. Skal boða það bréflaga með minnst 1 mánaðar fyrirvara. Kosning stjórnar ÍSS er til tveggja ára. Á slóttu ártali skal kjósa formann, tvo aðalmenn og einn varamann. Hitt árið skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann. (sett í 6. grein)

Ákvæði til bráðabirgða:

Á næsta skautapingi, 2018, skal kjósa samkvæmt nýju kosningafyrirkomulagi en kjósa skal tvo aðalmenn og einn varamann, til eins árs. (dettur út)

Hvert aðildarfélag á sæti í kjörnefnd sem stjórn ÍSS skipar og skal taka til starfa 1. Febrúar ár hvert. Hlutverk kjörnefndar er að taka á mótí framboðum í stjórn og varastjórn ÍSS og skal kjörnefnd auglýsa framboðsferst á heimasíðu ÍSS. Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt sambandsaðilum. Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Leyfilegt er að bjóða sig fram á þingi. (sett í 7. grein)

Þeir sem bjóða sig fram til stjórnarsetu í stjórn ÍSS mega ekki hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæði XXII. Kafla lamenhra hegningalaga nr. 19/1940 eins og kveður á í lögum ÍSÍ 2. kafla 5a. (sett í 7. grein)

Aðilar sem kosnir eru í stjórn ÍSS geta ekki jafnhliða verið formenn deilda aðildarfélaga, verið virkir iðkendur né starfsmenn viðkomandi aðildarfélaga. (sett í 7. grein)

Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum. (sett í 7. grein)

Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn ÍSS minnst 3 vikum fyrir þingið. (sett í 7. grein)

Þá skal stjórn ÍSS tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing. (sett í 8. grein)

Skautapingið er lögmætt ef löglega hefur veirið til þess boðað. (sett í 6. grein)

Á skautapingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt á þingsetu að hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn ÍSS, varastjórn og endurskoðendur.
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ
- c) Fastráðnir starfsmenn ÍSS og ÍSÍ
- d) Nefndarmenn ÍSS
- e) Stjórnir héraðssambanda og íþróttabandalaga
- f) Stjórn ÍSS getur auk þess boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæði til.
- g) Hóðursfélaga ÍSS (sett í 5. grein)

### 6. grein Tímasetning og boðun

Skautaping skal haldið árlega í apríl eða maí. Boða skal til skautapings opinberlega með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Tilkynning á heimasíðu ÍSS telst sem opinber birting. Fundarboðið skal senda þeim aðilum sem eiga rétt á fulltrúum á þingið.

Stjórn ÍSS ákvarðar fundarstað.

Skautaping er lögmætt, ef löglega er til þess boðað sbr. 1 mgr.

## Samþykkt

### 7. grein (sett í 5. grein) Fulltrúar á Skautapingi

Fulltrúaföldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu virkja iðkenda skautaþróttarinnar. Virkir iðkendir teljast þeir sem greidd voru iðkendagjöld fyrir 1. maí og eða 1. Desember síðasta almanaksárinu samkvæmt nafnalistum:

- a) Fyrir fyrstu 50 iðkendir koma 2 fulltrúar
- b) Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða 1 fyrir hverja næstu 50 epa brot úr 50.

Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.

### 7. grein Kjörnefnd

Hvert aðildarfélag á sæti í kjörnefnd ~~sem stjórn ÍSS skipar~~ og skal taka til starfa 1. febrúar ár hvert. Hlutverk kjörnefndar er að taka á mót framboðum í stjórn og varastjórn ÍSS og starfar samkvæmt reglugerð um kjörnefnd. Kjörnefnd skal auglýsa framboðsferst opinberlega á heimasíðu ÍSS. Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir skautaping. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt sambandsaðilum. Hafi þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Hafi ekki næg framboð borist er leyfilegt er að bjóða sig fram á þingi.

Þeir sem bjóða sig fram til stjórnarsetu í stjórn ÍSS mega ekki hafa hlotið refsisdóma vegna brota á ákvæði XXII. kafla almennra hegningalaga nr. 19/1940 eins og kveður á í lögum ÍSÍ 2. kafla 5a. Aðilar sem kosnir eru í stjórn ÍSS geta ekki jafnhliða verið ~~formenn deilda stjórnarmeðlimir~~ aðildarfélaga, né virkir iðkendir eða starfsmenn viðkomandi aðildarfélaga.

Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

## Samþykkt

### 8. grein Dagskrá

Aðilar að ÍSS, sbr. 2. grein, skulu tilkynna ÍSS minnst þremur vikum fyrir þing um málefni sem þeir óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu. Stjórn ÍSS skal tilkynna sambandsaðilum skriflega dagskrá þingsins, efni tillagna sem ræða á á þinginu ásamt framboðum sem borsti hafa í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál sem koma fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum. Þetta á þó ekki við um lagabreytingar.

## Samþykkt

### 9. grein Störf skautapings

Dagskrá skautapings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning
2. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd
3. Kosning þingforseta
4. Kosning þingritara
5. Skýrsla stjórnar lögð fram
6. Ársuppgjör sambandsins lagt fram
7. Umræður og samþykkt reikninga
8. Ávarp gesta
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

10. Kosning þingnefnda
11. Lagabreytingatillögur
12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir.
13. Þingnefndir taka til starfa
14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum
15. Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær
16. Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar, **skv. 12. gr**
17. Kosnir tveir skoðunarmenn reikningax
18. Kosnir fulltrúar á Íþróttaping ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttaping ÍSÍ fer fram.
19. Þingslit.

Til breytinga á lögum þarf samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í **öðrum málum**, nema annað segi í lögum þessum.

**Þingnefndir skulu skipaðar fjórum til fimm einstaklingum, en öðrum þingfulltrúum er heimilt að velja sér starfsnefndir.**

### Samþykkt

#### 10. grein

##### Aukaping

Aukaping má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boða skal til aukapings með minnst **14 daga tveggja vikna** fyrirvara.

Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar né kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt skautaping.

Fulltrúafjöldi ~~íþróttabandalaga/héraðssambanda~~ **íþróttafélaga** á aukapingi skal vera sá sami og þau höfðu á síðasta skautapingi sem haldið var.

### Samþykkt

#### 11. grein

##### Reikningsskil og prókúra

Reikningsár ÍSS er almanaksárið.

**Áritaðir ársuppgjör skal liggja fyrir viku fyrir ársþing.**

Sambandið rita **meirihluti stjórnar tveir stjórnarmenn, formaður og gjaldkeri**, en gjaldkeri hefur einn prókúru fyrir sambandið.

### Samþykkt

### III. Kafli Stjórn og nefndir

#### 12. grein

##### Skipun stjórnar

Stjórn ~~sambandsins skal skipuð~~ **ÍSS skipa** fimm einstaklingar og tveir til vara **sem kosnir eru á skautapingi**. Formaðurinn er kosinn sérstaklega, **á skautapingi** en aðrir skipta með sér embættum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Varastjórn er kosin sérstaklega.

Forfallist ~~Falli~~ formaður ~~frá~~ eða hætti ~~frá~~ á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans fram að næsta skautapingi.

Kosning stjórnar ÍSS er til tveggja ára. Á sléttu ártali skal kjósa formann, tvo aðalmenn og einn varamann. Hitt árið skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Á næsta skautabingi, 2018, skal kjósa samkvæmt nýju kosningarfyrríkomulagi en kjósa skal tvo aðalmenn og einn varamann, til eins árs. **(dettur út)**

Til að hljóta kosningu til formanns þarf hreinan meirihluta atkvæða. Náist ekki meirihluti atkvæða skal kjósa aftur um tvö efstu framboðin. Verði atkvæði jöfn er hlutkesti látið ráða nema fundurinn samþykki aðra tilhögun.

**Samþykkt**

### 13. grein

#### Hlutverk og verkefni stjórnar

**Hlutverk stjórnar ÍSS er í samræmi við markmið þess og er eftirfarandi:**

1. Að hafa yfirstjórn allra skautamála á Íslandi milli skautabinga og framkvæma ályktanir skautabings.
2. Að vinna að eflingu skautaiþróttarinnar í landinu.
3. Að gefa út ~~sæmja~~ leikreglur og reglugerðir fyrir skautaiþróttina **sem jafnframt eru í samræmi við alþjóðareglur ISU.**
4. Að senda ÍSÍ og ISU lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
5. Að **aðstoða og hafa eftirlit með að aðildarfélög** fari eftir viðurkenndum lögum og leikreglum
6. Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
7. Að raða niður og ákveða stað og tíma sambandsmóta.
8. Að úthluta þeim styrkjum til skautamála sem ÍSS fær til umráða.
9. Að koma fram héraðs og erlendis fyrir hönd skautaiþróttarinnar.
10. **Að halda regluleg námskeið fyrir þjálfara, dómara og tæknifólk**

Stjórnin hefur heimild til að ráða launaða starfsmenn og gera við þá ráðningarsamninga.

Formaður ÍSS boðar stjórnarfundir og stjórnar þeim.

Til þess að ákvarðanir í málum, sem stjórnin fjallar um séu gildar, þarf samþykki meirihluta stjórnarinnar á löglegum stjórnarfundum. Stjórnarfundur telst löglegur ef a.m.k. formaður ásamt tveimur stjórnar- eða varastjórnarmenn eru viðstaddir og allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir á fundinn.

Fundi í stjórninni skal halda reglulega. Varastjórnarmenn skulu einnig boðaðir á fundi með sama hætti og taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra. Auk þess skal kalla saman stjórnarfundum, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Við stjórnarákvarðanir ræður einfaldur meirihluti, en falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

**Samþykkt**

### 14. grein

#### Nefndir ÍSS

Eftirfarandi fastanefndir ~~og-ráð~~ skulu starfa innan ÍSS:

- Mótanefnd,
- ~~Valnefnd~~- Afreksnefnd,
- Laganefnd
- Dómara- og tækninefnd
- ~~Þjálfunar- og fræðslunefnd~~-Þjálfararáð

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni.

Stjórn ÍSS skipar **formenn fastanefnda til eins ára** í senn skv. reglugerð viðkomandi nefndar **sem stjórn ÍSS setur.**

Stjórn ÍSS skipar formenn í nefndir ásamt nefndarmönnum til viðbótar í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda.

~~Valnefnd skal skipuð fagfólki, að lágmarki að meirihluta, og skulu nefndarmenn vera einsaklingar óháðir einstökum iðkendum eða félögum. Dómara- og tækninefnd og Þjálfaranefnd skulu skipaðar fagfólki eingöngu.~~



Afreksnefnd ásamt dómara- & tækninefnd skulu eingöngu skipaðar fólki með fagþekkingu á íþróttinni. Nefndarmenn í afreksnefnd skulu ekki koma að þjálfun iðkenda sem nefndin fjallar um eða á afreksstigi vera einstaklingar óháðir einstökum iðkendum eða félögum.

~~Formenn nefnda boða fundi og stýra þeim.~~ Nefndir skulu starfa samkvæmt reglugerðum. Nefndir hafa ekki sérstakan fjárhag en hafa ákvörðunarvald og bera ábyrgð á verkefnum ~~Vali~~.

Ábyrgðin er á nefndum en með samþykki stjórnar ÍSS og því getur stjórn ÍSS krafist nánari útskýringa á niðurstöðum nefnda.

Starfstímabil fastanefnda er fram að næsta skautþingi.

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa áheyrnarfulltrúa í öllum nefndum og ráðum á vegum sambandsins.

Samþykkt

### 15. grein Verkefni fastanefnda

Nefndir skulu vinna samkvæmt starfslýsingum og reglugerðum er varða hverja nefnd.

Helstu verkefni fastanefnda ÍSS skulu vera sem hér segir:

- **Mótanefnd** sér um framkvæmd ÍSS móta og skal hafa eftirlit með framkvæmd annarra skautamóta og fylgja eftir að þau séu í samræmi við útgefnar móta- og keppnisreglur.
- **Afreksnefnd** vinnur samkvæmt útgefni afreksstefnu ÍSS og skal sjá um val í landsliðsverkefni sem og skautara ársins ásamt verkefnum sem snúa að afreksskauturum.
- **Laganefnd** skal vinna að endurskoðun laga og reglugerða ÍSS til samræmingar og/eða leiðréttingar.
- **Dómara- og tækninefnd** ber ábyrgð á málefnum er varða leikreglur um dómaramál og dómgæslu. málefnum dómgæslu og dómarakerfa sem og námskeiðum fyrir dómara í samstarfi við stjórn ÍSS.
- **Þjálfunar- og fræðslunefnd** sér um menntun fagfólks á sviði þjálfunar og almenna fræðslu íþróttarinnar.
- ~~Þjálfararáð~~ sér um keppniskröfur ÍSS og námskeið fyrir þjálfara í samstarfi við stjórn ÍSS. Þjálfaranefnd ber ábyrgð á afreksþjálfun skautara s.s. æfingabúðum fyrir landslið og/eða sérverkefni.

Að auki geta nefndir ályktað um einstaka málefni er upp gætu komið á starfstíma þeirra, ~~ÍSS til ráðgjafar.~~ Nánari verklýsingu nefnda skal setja í reglugerðir.

Samþykkt

### 16. grein Siðareglur og vanhæfi

Einstaklingar sem vinna fyrir hönd ÍSS í stjórnar- og nefndavinnu sem og á mótum skulu í hvívetna fara eftir siðareglum Skautasambands Íslands (ÍSS), Alþjóðaskautasambandsins (ISU) og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

Einstaklingi í trúnaðar- og ábyrgðastöðum innan ÍSS ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

Samþykkt

## IV. Kafli Sambandsaðilar ÍSS

### 17. grein Skil á skýrslum

Ársskýrslur og ársuppgjör sambandsaðila ÍSS skulu berast á tölvutæku formi til ÍSS fyrir 15. apríl ár hvert.

**Samþykkt**

### 18. grein Formannafundir

Stjórn ÍSS skal í upphafi keppnistímabils boða til fundar með formönnum þeirra félaga sem aðild eiga að sambandinu.

Fundurinn skal boðaður skriflega eða á annan sannarlegan hátt, með tveggja vikna fyrirvara. Hlutverk formannafunda er til upplýsinga og samráðs. Dagskrárlíðir skulu kynntir í fundarboðinu.

Í forföllum formanna taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi aðildarfélags. Að auki getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum að sitja fundi ef hún telur ástæðu til.

Á dagskrá formannafunda skal vera:

1. Skipulag keppnistímabilsins og verkefni framundan.
2. Áherslur stjórnar fyrir tímabilið kynntar.
3. Reglubreytingar.
4. Önnur mál.

**Samþykkt**

### 19. grein Aðgangur að mótum og sýningum

Stjórn ÍSS hefur frjálstan aðgang að öllum skautamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda ÍSS.

**Samþykkt**

### 20. grein Aðalfundir aðildarfélaga

Sambandsaðilar skulu tilkynna stjórn ÍSS um aðalfundi sína með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Stjórn ÍSS hefur rétt til að sitja aðalfundi aðildarfélaga.

**Samþykkt**

### 21. grein Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram eftir reglugerð ÍSS um félagaskipti

**Samþykkt**

## V. Kafli Önnur ákvæði

	<p style="text-align: center;"><b>22. grein</b> <b>Dómstólar-Um Meðferð deilumála</b></p> <p>Dómstólar ÍSÍ fara með mál sem upp kunna að koma innan skautahreyfingarinnar, samkvæmt 4. kafla í lögum ÍSÍ um Dómstóla ÍSÍ. Skal þá farið eftir reglum ISU, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geta aðilar þó vísað til dómstóla ÍSÍ eða ISU, eftir því sem við á hverju sinni.</p> <p><b>Samþykkt</b></p> <p style="text-align: center;"><b>23. grein</b> <b>Merki ÍSS</b></p> <p>Merki ÍSS er myndað af bókstafnum Í og tveimur bókstöfum S sem umvefja stafinn Í eins og skautarákir á ís.</p> <p><b>Samþykkt</b></p> <p style="text-align: center;"><b>24. grein</b> <b>Heiðursfélagar</b></p> <p>Heiðursfélaga ÍSS má stjórnin kjósa, ef hún er einhuga um það. <del>Heiðursfélagar hafa rétt til setu á skautabingum.</del></p> <p><b>Samþykkt</b></p> <p style="text-align: center;"><b>25. grein</b> <b>Sambandslit</b></p> <p>Tillögur um að leggja ÍSS niður má aðeins taka fyrir á lögmætu skautabingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða viðstaddra <b>skráðra</b> fulltrúa. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan látin ganga til næsta reglulegs þings. <del>Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar.</del> Verði tillagan þá samþykkt aftur <del>með 3/4 hluta atkvæða</del>, er það fullgild ákvörðun um að leggja ÍSS niður. <del>Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum ÍSS; en þeim má aðeins verja til eflingar skautaiþróttá í landinu.</del></p> <p><b>Samþykkt</b></p> <p>Þingforseti bar lögin í heild sinni upp til samþykktá <b>Samþykkt einróma</b></p>
17	<p><b>Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar (skv. 10.gr laga)</b></p> <p><b>Formaður:</b> Guðbjört Erlendsdóttir</p> <p><b>Aðrir stjórnarmenn:</b> Friðjón Guðjohnsen Heba Finnsdóttir Jóna Jónsdóttir Svava Hróðný Jónsdóttir</p>

	<b>Varamenn:</b> Guðrún Elíasdóttir Oksana Shalabai
<b>18</b>	<b>Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga</b> Sigurður Kristinsson og Stefán Björnsson kosnir skoðunarmenn reikninga
<b>19</b>	
<b>20</b>	<b>Þingslit</b> Guðbjört Erlendsdóttir formaður ÍSS flytur erindi og þakkar fyrir gott þing. Þingi slitið kl. 14:30